

## **Samþykkt fyrir ungmenningaráð Fjarðabyggðar**

### **Um verkefni ungmenningaráðs**

#### *1. gr.*

Ungmenningaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólk í aldrinum 13 til 18 ára í sveitarféluginu í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessar.

#### *2. gr.*

Ungmenningaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum ungs fólks. Ráðið fylgist með að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólk.

#### *3. gr.*

Helsta markmið og hlutverk ungmenningaráðs er:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega.
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins.
- að efla tengsl nemenda framhaldsskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan framhaldsskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk.
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan grunnskóla um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum ungs fólks.

#### *4. gr.*

Ungmenningaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

#### *5. gr.*

Í fjárhagsáætlun hvers árs skal ákvarða sérstaka fjárveitingu til verkefna ungmenningaráðs. Fjárveitingunni skal varið til þinghalds, útgáfu eða fræðslu.

#### *6. gr.*

Ungmenningaráð starfar í samræmi við reglur og samþykktir bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

### **Um skipan ungmenningaráðs**

#### *7. gr.*

Fyrir 10.september ár hvert skulu eftirfarandi stofnanir tilnefna samtals níu fulltrúa í ungmenningaráð og níu til vara.

A Einn fulltrúi og einn til vara komi úr 8. til 10. bekk frá hverjum grunnskólanna fimm í Fjarðabyggð. Fulltrúi nemenda skólans skal valinn með almennri kosningu nemenda.

B Tveir fulltrúar og tveir til vara á aldrinum 16 – 18 ára koma frá Verkmenntaskóla Austurlands. Fulltrúar nemenda skólans skulu valdir með almennri kosningu nemenda.

C Stjórnir íþróttá- og ungmennafélaganna og unglingadeilda björgunarsveitanna í Fjarðabyggð koma sér saman um two fulltrúa og two til vara frá ungmenna- og íþróttafélögnum. Félögin sem hér um ræðir eru Austri, Ársól, Efing, Gerpir, Hrafnkell Freysgoði, Leiknir, Súlan, Valur og Þróttur. Hvert félag á fulltrúa eitt ár í senn og ræður stafrófsröð.

Sveitarfélagið mun leita til viðkomandi félaga og óska eftir tilnefningu þeirra. Fulltrúi þeirra skal vera á aldrinum 13-18 ára.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. september til 9. september ár hvert.

#### *8. gr.*

Á fyrsta fundi ráðsins kýs það sér formann og varaformann úr sínum röðum. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari löglega fram. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en úrskurði hans má skjóta til bæjarráðs.

#### *9. gr.*

Ungmennaráð skal halda að lágmarki fjóra fundi á ári og þar af einn með bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Dagskrá þess fundar skal undirbúin í samráði við bæjarstjóra.

#### *10. gr.*

Starfsmaður ráðsins er íþróttá- og tómstundafulltrúi. Starfsmaður situr fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum ráðsins með málfrelsis- og tillögurétt.

### **Um yfirstjórn ungmennaráðs**

#### *11. gr.*

Ungmennaráðið gerir starfsáætlun um verkefni sín í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár.

#### *12. gr.*

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu ráðsins, þ. m. t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

## **Um fundarskóp ungmenningaráðs**

*13. gr.*

Um fundarskóp á fundum ungmenningaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og „Samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar.”

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Dagskrá skal send til aðalmannna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmenningaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess. Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

*14. gr.*

Um ritun fundargerða ungmenningaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar og annarra nefnda sveitarfélagsins.

Ritari ungmenningaráðs skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

## **Um hæfi og skyldur ráðsmanna og annarra fundarmanna**

*15. gr.*

Ráðsfulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmenningaráðs nema lögmæt forföll hamli. Sé fulltrúi forfallaður skal hann tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Fjarðabyggð 7. september 2018



Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri

Samþykkt í íþróttá- og tómstundaneftnd 21. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarráði 28. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018

